



ÞINGNEFND LIONSPINGS 2018

Til Lionsklúbba á Íslandi

Reykjanesbæ, 12. desember 2017

63. Þing Lionsumdæma 109A og B og Fjölumdæmis 109

Árleg þing Lionsumdæma 109 A, 109 B og Fjölumdæmis 109 verða haldin í Reykjanesbæ, dagana 20. og 21. apríl 2018. Lionsklúbbarnir á Suðurnesjum annast þingin. Hér sendum við ykkur frumdrög að dagskrá og nokkrar upplýsingar um þingin og þingstörfin, einkum til þess að auðvelda væntanlegum þingfulltrúum að fylla út meðfylgjandi skráningareyðublað og kjörbréf. Það er afar mikilvægt að eyðublöð þessi séu vandlega útfyllt því þau liggja til grundvallar öllu skipulagi þinganna.

Húsnæði þingsins

Þinghald verður í Háaleitisskóla, Keili og Officeraklúbbnum á Ásbrú.

Gisting

Tekin hafa verið frá herbergi á eftirtöldum gististöðum:

Base-Hotel, Valhallarbraut 756-757, 235 Reykjanesbær s. 519 1300, basehotel@basehotel.is

Eins manns herbergi kr. 5.865.-

Tveggja manna herbergi kr. 8.415.-

Þriggja manna herbergi kr. 12.665.-

Svíta kr. 14.918.-

Fjölskyldusvíta kr. 14.918.-

Bed and Breakfast, Keilisbraut 762, 235 Reykjanesbær, s. 426 5000, www.bbkeflavik.com

Tveggja manna herbergi kr. 11.500.-

Park Inn: Hafnargötu 57, 230 Reykjanesbær, s. 421 5222.

Eins manns herbergi kr. 14.900.-

Tveggja manna herbergi kr. 16.900.-

Bókanir sendist á info.airport.keflavik@rezidorparkinn.com merkt: BLOCK ID 87499 LION

Tilboðin gilda til 1. mars 2018

Upplýsingar um verð:

Þingjald	Kr. 12.000.-
Hádegisverður pr. dag	Kr. 2.800.-
Kaffi og meðlæti pr. dag	Kr. 1.500.-
Kynningarkvöld	Kr. 3.500.-
Lionshátíð	Kr. 12.000.-

Þingjald

Þingjald og annan kostnað skal greiða með innleggi á bankareikning nr. 0542-14-401422 kennitala: 710591-2109. Athugið að þingfulltrúar fá ekki afhent þinggögn séu þinggjöld ógreidd.

Drög að dagskrá (með fyrirvara um breytingar)

Fimmtudagur 19. apríl

19:00 – 21:00 Afhending þinggagna á Bed and Breakfast

Föstudagur 20. apríl

08:00 – 08:45 Afhending þinggagna, Bed and Breakfast
09:00 – 14:50 Skólar embættismanna (formenn, ritarar, gjaldkerar og svæðisstjórar)
10:15 – 10:30 Morgunkaffi
12:00 – 13:00 Hádegisverður í Officeraklúbbnum
13:00 – 14.50 Skólum embættismanna fram haldið
15:00 – 15:30 Síðdegiskaffi
16:00 – 16:30 Skrúðganga
16:45 – 17:45 Þingsetning, Andrews leikhúsið
20:00 – 24:00 Kynningarkvöld, léttar veitingar. Haldið í Grindavík.

Laugardagur 21. apríl

08:00 – 08:30 Afhending þinggagna, Bed and Breakfast
08:45 – 09:15 Námsstefna
09:30 – 11:45 Umdæmisþing A
09:30 – 11:45 Umdæmisþing B
10:30 – 10:45 Morgunkaffi
11:45 – 12:45 Hádegisverður í Officeraklúbbnum
13:00 – 17:30 Fjöllumdæmisþing
13:30 – 17:00 Makaferð
15:00 – 15:15 Síðdegiskaffi
20:00 – 02:00 Lionshátíð í Officeraklúbbnum

Skráning

Nauðsynlegt er að skráningareyðublað sé rétt útfyllt og gefi sem nákvæmastar upplýsingar um óskir viðkomandi þingfulltrúa. Aðeins skal skrá einn þingfulltrúa á hvert eyðublað, en eyðublöðin verða aðgengileg á heimasíðu Lions, www.lions.is. Skráningareyðublað og kjörbréf má senda í pósti til Elínar Hermannsdóttur, Borgarvegi 18, 260 Reykjanesbæ, eða með tölvupósti á: vtengi@simnet.is

Athugið að allar breytingar sem kunna að verða á skráningu þarf að tilkynna í tölvupósti til Elínar.

Þingnefndin hvetur alla Lionsmenn og maka þeirra til að sækja þingin og taka þátt í þeirri dagskrá sem boðið er upp á.

Kjörbréf

Samkvæmt 32. grein laga Fjöllumdæmis 109 skal klúbbstjórn fylla út meðfylgjandi kjörbréf og skila með skráningu þingfulltrúa, í síðasta lagi 1. mars nk. Í greininni segir:

Hver einstakur klúbbur, sem fengið hefur stofnskrá, og er skuldlaus við alþjóðasamtökin, umdæmi sitt og fjölumdæmi, skal eiga rétt á að senda á fjölumdæmisþing, fyrir sína hönd, einn (1) fulltrúa og einn (1) varamann fyrir hverja tíu (10) félagar eða meiri hluta þess fjölda, sem hafa verið á félagaskrá í a.m.k. eitt ár og einn dag í viðkomandi klúbbi samkvæmt skráum alþjóðaskrifstofunnar fyrsta dag þess mánaðar sem næstur kemur á undan þeim mánuði þegar þing er haldið. Sá meiri hluti, sem nefndur er í ákvæði þessu, skal teljast vera fimm (5) eða fleiri félagar.

Hver einstakur vottaður fulltrúi, sem sjálfur er viðstaddur, skal eiga rétt á að greiða einungis eitt (1) atkvæði í kjöri til hvers embættis sem kjósa þarf í og einungis eitt (1) atkvæði fyrir hvert málefni sem lagt er fyrir viðkomandi þing. Sé ekki öðruvísi tilgreint í lögum þessum leiða atkvæði meirihluta fulltrúa, þegar greidd er atkvæði um málefni, til þess að atkvæðagreiðslan telst vera samþykkt þingsins. Allir kjörgengir fulltrúar verða að vera fullgildir og skuldlausir félagar í klúbbi sem er fullgildur og skuldlaus í umdæminu.

Vangreidd félagsgjöld má greiða og öðlast þannig fullgilda félagsaðild allt að 15 dögum áður en lokað er fyrir staðfestingu kjörbréfa, en tímamörk slíkrar lokunar ákvarðast af reglum viðkomandi þings.

Afhending gagna

Samkvæmt ákvörðun Umdæmisstjóraráðs, þá skulu þingfulltrúar sjálfir prenta út öll þinggögn og hafa þau með sér til þingsins, eða hafa þau tiltæk á tölvum sínum.

Önnur gögn verða afhent á Bed and Breakfast fimmtudagskvöldið 19. apríl kl. 19.00 - 21.00, föstudaginn 20. apríl kl. 08:00 – 08:45 og laugardaginn 21. apríl kl. 08.00 - 08.30.

Við hvetjum alla þingfulltrúa sem geta komið því við, að sækja þinggögn sín á fimmtudagskvöldinu. Vakin er athygli á því að **þátttakendur í ritaraskólanum þurfa að koma með fartölvu með þráðlausum internetaðgangi.**

Rétt er að ítreka að séu klúbbar í skuld við Alþjóðasambandið, fjöllumdæmið eða að þinggjöld hafi ekki verið greidd frá fulltrúar þeirra ekki afhent þinggögn.

Að lokum

Við leggjum ríka áherslu á að klúbbarnir skili skráningareyðublöðunum og kjörbréfum fyrir **1. mars 2018** og greiði þinggjöld og annan kostnað **eigi síðar en 20. mars 2018.**

Vinsamlegast hafið samband við einhvern neðangreindra þingnefndarmanna ef óskað er frekari upplýsinga. Við bendum einnig á heimasíðu Lions.

Við bjóðum þinggesti velkomna á Suðurnesin og vonum að þingin verði fjölmenn, skemmtileg og árangursrík.

Með Lionskveðju,
f. h. þingnefndar 2018

	<u>Sími</u>	<u>Netfang</u>
Pálmi Hannesson	897 7820	palmiha@simnet.is
Elín H. Hermannsdóttir	894 1391	vtengi@simnet.is
Inga Lóa Steinarsdóttir	899 3805	glodis@simnet.is